



6.fundarboð Notendaráðs fatlaðs fólks í Norðurþingi

18 júní 2025, kl 14:00. Mættir eru: Jóna Rún Skarphéðinsdóttir, Hermína Hreiðarsdóttir, Karolína Gunnlaugsdóttir og Einar Víðir Einarsson

Rebekka Ásgeirsdóttir situr fundinn í fjarfundi.

Júlía Margrét Birgisdóttir mætir á fundinn kl 14:20.

Tinna Ósk Óskarsdóttir félagsmálastjóri situr fundinn undir lið 1.

Sunna Mjöll Bjarnadóttir forstöðuproskafjálfi í málefnum fatlaðra ritar fundargerð.

1. Kynning á umsókn Norðurþings í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs

Þingeyjarsýslur fá 13,79 milljónir fyrir 2025-2026. Tillaga að skipta þessari fjárhæð niður eftir fólksfjölda. Gert er ráð fyrir að Norðurþing og Tjörneshreppur fái 8,35 milljónir, Langanesbyggð fái 1,5 milljónir og Þingeyjarsveit fái 3,9 milljónir. Tillaga Norðurþings er að umsóknin frá Norðurþingi og Tjörneshreppi fari í aðgengið að nýbyggingu frístunda- og félagsmiðstöðvar.

Tillaga er að umsóknin frá Þingeyjarsveit fari í lagfæringu á salernum Þingeyjarskóla og aðgengi að leikskólum að Stórutjörnum og Þingeyjarskóla.

Notendaráð gerir ekki athugasemdir við tillögu Þingeyjarsveitar um nýtingu framlags Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs til endurbóta. Aftur á móti er Notendaráð ekki tilbúið að taka afstöðu til tillögu Norðurþings fyrr en frekari gögn liggja fyrir.

2. Önnur mál

Notendaráð ítrekar bókun sem gerð var 23 febrúar 2023 er varðar aukinni þörf á húsnæði fyrir fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Ráðið

telur einnig brýnt að Norðurþing móti skýra framtíðarsýn er varðar
málefni fólks með langvarandi stuðningsþarfir.

Fundi slitið klukkan 14:42.

Hermina Hviðfarsdóttir
Eir Elvén

Jóna Rún Skarphéðins

JÚLIA MARGRÉT BIRGISDÓTTIR

Karolina K. Gunnlaugsd.